

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-122/A.B.
10.04.02

**Efni: Breyting – Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 –
Fuglaskoðunarhús – Frístundahús – Hverfisvernd**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps vegna fuglaskoðunarhúsa, landbúnaðarsvæða og verndarsvæða í byggð.

Fuglaskoðunarhús

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gerir ráð fyrir tveimur fuglaskoðunarhúsum annars vegar í Skipshólma sem er við þéttbýli Vopnafjarðar og hins vegar á Straumseyri sem er tengi syðst við Nýpslón

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði haldið í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaframkvæmdir, og göngustígagerð verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Frístundahús á lögbýlum

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt gildandi aðalskipulagi er einungis heimilt að byggja tvö frístundahús á lögbýlum. Samkvæmt breyttum skilmálum er heimilt að byggja allt að þrjú til sjö fbúðar- og frístundahús, en fjöldi húsa miðast við stærð lands.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 28. maí 2018 við lýsingu á ofangreindri tillögu bendir stofnunin m.a. á að ekki ætti að leyfa fleiri en tvö – þrjú frístundahús á lögbýli án þess að svæðið sé deiliskipulagt.

Umhverfisstofnun bendir á að með breytingunni er jafnvel hægt að byggja sjö íbúðarhús á hverju lögbýli. Því telur stofnunin að mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig tillagan samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annari staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Umhverfisstofnun tekur undir markmið landsskipulagsstefnu að uppbygging íbúðarbyggðar skuli beinast að þéttbýlisstöðum og/eða þegar skilgreindum íbúðarsvæðum í stað þess að vera með litlar dreifðar íbúðaþyrpingar.

Í kafla 2.2.1 í landskipulagsstefnu segir: „*Við skipulag frístundabyggðar verði almenni miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.*“

Umhverfisstofnun tekur undir markmið landsskipulagsstefnu skipulag frístundabyggðar verði á samfelldum og/eða þegar skilgreindum frístundabyggðarsvæðum í stað lítillar og dreifðar frístundabyggðar.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan er talin hafa áhrif á landslag og ásýnd og samfélag.


Umhverfisstofnun telur að þar sem breytingartillagan sé almenn stefnubreyting sveitarfélagsins geti hún haft áhrif á fleiri þætti eins og samgöngur, gróðurfar (<http://vistgerdakort.ni.is/>), búsvæði fugla og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, út frá staðsetningu hvarrar framkvæmdar fyrir sig. Því þyrfti að mati Umhverfisstofnun að skoða hverja framkvæmd fyrir sig í deiliskipulagi til að meta áhrif breytinganna á mismunandi umhverfisþætti.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að það komi fram í breytingartillögum hvert leyfilegt bygginagrmagn sé.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur